

10. nóvember 2025.

Til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps

Í framhaldi af skrifum mínum á Fjasbók um nýju heilsugæslunastöðina á Flúðum og í ljósi afgerandi undirtekta og jákvæðra viðbragða við henni – m.a. frá sveitarstjórnarfólki hér um slóðir – skora ég á sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að taka þetta mál til umfjöllunar og álykta um málsmeðferðina, en ekki síður nafngiftina.

Að kenna nýju heilsugæsluna við uppsveitir, er slík ögrun og ósvífni, að við það verður ekki unað. Þar kveður auk þess við falskan tón. Þau verkefni sem hingað til hafa starfað undir þessu sæmdarheiti, eru öll öðruvísi á köppinn komin, nefnilega í bræðralagi jafnstæðra sveitarfélaga, þar sem allir málsaðilar hafa lagt gott til mála í anda samvinnu- og jafnréttis - að minnsta kosti þegar stofnað var til þeirra. Dæmin láta kunnuglega í eyrum: Skipulags- og byggingarsvið uppsveita, Ferðamálafulltrúi uppsveita, Heilsueflandi uppsveitir, Íþróttabandalag uppsveita (ÍBU) og að síðustu nefni ég Uppsveitabrosið, almenn viðurkenning fyrir að leggja gott til í orði eða verki.

Viðbrögð við skrifum mínum sýna berlega, að fjöldi fólks í sveitarfélaginu ofbýður hvorttveggja, málsmeðferðin og nafngiftin. Ég endurtek því áskorun mína til sveitarstjórnarinnar:

1. Að ályktað verði um málsmeðferðina.
2. Að þess verði krafist að nafngiftinni á heilsugæslustöðinni á Flúðum verði umsvifalaust breytt og falsmyndin þurrkuð út.

Bjarni Þorkelsson.

Fylgiskjal: Afrit af Fjasbókarfærslu BÞ. 9. nóvember 2025 – hér neðanritað:

Heilsugæsla Ytri-Hrepps

Af botnlausum hroka og bláeygum fréttamönnum

Ég sá í morgun hér á Fjasinu að Kristófer Tómasson, starfsmaður Bláskógabyggðar og fyrrum sveitarstjóri í uppsveitum Árnessýslu, tjáði sig um nýju heilsugæsluna á Flúðum. Til að taka hressilega undir þar fram komin sjónarmið, vil ég segja þetta að auki:

Það lýsir óskammfeilni og drýldni (helvítis fokking fokk á nútímamáli) að kenna nýju heilsugæslustöðina á Flúðum við Uppsveitir.

Heilsgæslan hefur nú - án samráðs og umboðs - verið færð frá Laugarási að Flúðum með bolabrogðum og óráðsíu sem vart hafa sést önnur eins í næstum aldargamalli samstarfssögu þeirra sveita sem staðið hafa að Laugaráslæknishéraði, lengur en elstu menn muna.

Þessi nafngift og fréttáflutningur af málinu yfir upp opin sár þeirra fjölmörgu íbúa uppsveitanna – einkum vestan Hvítár - sem aldrei voru spurðir álits en létu þó rækilega í sér heyra, er þessu var slengt framan í þá. Það síðastnefnda gildir líka um sveitarstjórnina í Bláskógabyggð, sem mótmælti kröftuglega.

Baktjaldamakkið, launráðin og leynibruggið við að bola í gegn breytingunum eru sér kapituli, sem að líkindum mun reynast dýrkeyptur Pyrrhosarsigur og rjúfa skarð í samvinnu og samstöðu Uppsveitanna á fjölmörgum sviðum.

Nafngiftin og fréttáflutningurinn af skælbrosandi jábræðrum úr næsta nágrenni eru hins vegar meginástæða til þess að ég sting nú niður penna. Hér er verið að gefa langt nef íbúum og sveitarstjórnnum, sem ályktað hafa um málið, en einnig þeim fjölmörgu sem aldrei voru spurðir álits. Þarna er verið að sparka í liggjandi menn – því vissulega er málið tapað og verður ekki undið ofan af því.

Eftir stendur krafa um að heilsugæslan verði nefnd upp á nýtt. Upplagt væri að hún hétu Heilsugæsla Ytri-Hrepps, til marks og minningar um hið rétta eðli sitt og uppruna.

Smá viðbót:

Enn um heilsugæslu Ytri-Hrepps

Í ljósi afgerandi undirtekta og jákvæðra viðbragða við Fjasbókargrein minni um Heilsugæsluna á Flúðum – m.a. frá sveitarstjórnarfólki hér um slóðir – skora ég á sveitarstjórnir í uppsveitum Árnessýslu að taka þetta mál til umfjöllunar og álykta um málsmeðferðina, en ekki síður nafngiftina.

Að kenna nýju heilsugæsluna við uppsveitir, er slík ögrun og ósvífni, að við það verður ekki unað. Þau verkefni sem hingað til hafa starfað undir þessu sæmdarheiti, eru öll öðruvísi á koppinn komin, nefnilega í bræðralagi jafnstæðra sveitarfélaga, þar sem allir málsaðilar hafa lagt gott til mála í anda samvinnu- og jafnréttis - að minnsta kosti þegar stofnað var til þeirra. Dæmin láta kunnuglega í eyrum: Skipulags- og byggingarsvið uppsveita, Ferðamálafulltrúi uppsveita, Heilsueflandi uppsveitir, Íþróttabandalag uppsveita (ÍBU) og að síðustu Uppsveitabrosið, almenn viðurkenning fyrir að leggja gott til í orði eða verki.

Til frekari áherslu um góðar undirtektir við upphaflegu Fjasbókarfærslu minni, tilfæri ég hér orðréttu athugasemd: „Það var illa að þessu staðið, ekkert hlustað á íbúa né stjórnarsýslu annar[r]a sveitarfélaga [en] Hrunamannahrepps, rökstuðningur forstjóra HSU var út og suður, þannig að pólitík og venskapur var í raun aðal ástæðan fyrir þessum gjörningi....“

Það ofbýður fleirum en mér. Ég endurtek áskorun mína til sveitarstjórna í uppsveitum Árnessýslu um að krefjast þess að nafngiftinni á heilsugæslustöðinni á Flúðum verði umsvifalaust breytt og falsmyndin þurrkuð út.

BP.